

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um landsmarkmið í loftslagsmálum.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvenær kynnir ríkisstjórnin uppfærð landsmarkmið í loftslagsmálum, líkt og aðildarríki Parísarsamningsins voru hvött til í lokayfirlýsingu COP26 í Glasgow í nóvember sl.?
2. Í hverju mun slík uppfærsla helst felast, sérstaklega gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandinu?
3. Verða uppfærð markmið í takt við það sem nauðsynlegt er til að standa við markmið Parísarsamningsins um að halda hnattrænni hlýnun innan við 1,5°C?

Skriflegt svar óskast.